

Nr. 20/1914

P. J. Thorsteinsson
gegn
Jóni Magnússyni.

Dómur:

Stefndi Jón Magnússon, sem var skipstjóri á Ester, fiskiskipi áfrýjanda, P. J. Thorsteinssonar kaupmanns útgerðartíma skipsins 1912, höfðaði mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda til greiðslu á eftirstöðvum af skipstjórakaupi hans nefndan útgerðartíma kr. 412.11, en áfrýjandi hóf hinsvegar gagnsök á hendur stefnda, og krafðist, að hann greiddi sér nokkrar upphæðir, samtals kr. 631.37, er hásetar á skipinu voru orðnir í skuldum við útgerðina, þegar þeir fóru af því. Voru þessi mál dæmd á bæjarþingarárþinginu 26. marz þ. á., og var áfrýjandi í aðalsökinni skyldaður til að greiða stefnda krónur 412.11 með 5% ársvöxtum frá 13. okt. f. á. og 25 kr. í málskostnað, en í gagnsökinni var stefndi syknaður og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir P. J. Thorsteinsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 22. apríl þ. á., og krafist þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi Jón Magnússon verði dæmdur til að greiða sér kr. 631.37, þó þannig, að krafa hans, kr. 412,11 komi til frádráttar og stefndi verði dæmdur til að greiða sér afganginn kr. 219.26 með 5% ársvöxtum frá 19. des. f. á. til greiðsludags; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati yfirdómsins. En stefndi krefst, að undirréttardómurinu verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi.

Það er samkvæmt reikningi áfrýjanda, og enginn ágreiningur um það, að stefndi átti inni hjá áfrýjanda 1. jan. f. á., kr. 712,11 af skipstjóraaunum sínum árið áður. Af þessari upphæð fékk hann greiddar 300 kr., en eftir eru kr. 412,11, og verður að sjálfsögðu að dæma honum þessa fjárhæð hjá áfrýjanda með vöxtum eins og krafist er.

Fyrir gagnkröfunni hefir áfrýjandi talið þær ástæður, að 4 af hásetum skipsins Ester, er komnir hafi verið í skuld við útgerðina, hafi farið úr skiprúminu áður en útgerðartíminn var liðinn, án þess að borga skuldir sínar, og þar sem menn þessir séu eignalausir, séu skuldirnar, samtals kr. 631.37 tapaðar útgerðinni, í stað þess að mennirnir mundu hafa unnið það af sér, ef þeir hefðu eigi verið látnir fara af skipinu í ótíma. En á þessu eigi stefndi sök, því að hann hafi slept mönnum, þó að hann vissi, að þeir voru komnir í skuld við útgerðina, og án þess að fá til þess samþykki áfrýjanda, að því er 3 af þeim snerti, en hinn 4. hafi áfrýjandi samþykkt að færi með því skilyrði, að hann greiddi skuld sína annaðhvort til stefnda eða áfrýjanda, en stefndi hafi látið hann fara, án þess að borga skuldina. Tjáist áfrýjandi hafa látið stefnda vita um leið og honum var fenginn fyrnefndur reikningur, að hann mætti búast við, að skuldir áminstra háseta kæmu til frádráttar, áður en gengið yrði frá reikningi hans til hlýtar, og hafi þá stefndi talað um, að hann ætlaði að sjá um, að skuldirnar yrðu borgaðar. Og loks heldur áfrýjandi því fram, að það sé venja útgerðarmanna hér að færa skipstjórum til reiknings skuldir háseta, er þeir láta fara af skipinu í ótíma.

Stefndi neitar því hinsvegar, að skuldir þessara há-

seta séu sér að neinu leyti viðkomandi, hann hafi enga ábyrgð á þeim tekið, og ekki lofað að borga þær né innheimta; það sé rangt, að áfryjandi hafi getið þess við hann, að skuldirnar yrðu dregnar frá inneign hans hjá áfryjanda, þegar reikningur hans yrði afgreiddur til fulls, eða að stefndi hafi talað um að sjá um borgun á þeim; reikningurinn frá áfryjanda hafi þvert á móti verið fullnaðar-reikningur og hafi hann þar með viðurkennt, að hann ætti engar kröfur á hendur stefnda út af formensku hans á Ester.

Gegn þessum mótmælum stefnda er það eigi sannað, að hann hafi tekið á sig ábyrgð á téðum hásetaskuldum, eða lofað að sjá um borgun eða innheimtu á þeim, og eigi er það heldur upplýst, að það helgist af venju útgerðarmanna hér og skipstjóra, að stefndi eigi að standa skil á þessum skuldum, og með því að eigi verður litið svo á eftir atvikum, og eðli málsins, að stefndi hafi skapað sér ábyrgð á skuldunum með því að láta hásetana fara af skipi áður en ráðningartími þeirra var liðinn, verður krafa áfryjanda um að stefndi verði dæmdur til að greiða honum þessar skuldir, eigi talin á nægum rökum byggð, og því eigi tekin til greina. En hvort það að öðru leyti hafi verið ábyrgðarhluti fyrir stefnda, að sleppa mönnunum úr skiprúminu, þykir eigi þörf á að rannsaka hér, með því að slíkt felst eigi í dómkröfunni; en hún tekur aðeins til þess, að fá stefnda dæmdan til að greiða fyrtéðar skuldir.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum áfryjanda í þessu máli og með því að einnig verður fallist á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 3. ágúst.

Nr. 26/1914

Réttvísir

gegn

Júliönu Silfu Jónsdóttur
og Jóni Jónssyni.

Dómur:

Í máli þessu er Júlíana Silfa Jónsdóttir' ekkja Brekkustíg 14 hér í bænum ákærð fyrir manndráp og Jón Jónsson húsmáður sama staðar fyrir sama glæp eða hlutdeild í honum, eða fyrir brot það er ræðir um í 110. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869. Var málið dæmt 24. apríl þ. á. í aukarétti Reykjavíkur af hinum reglulega dómara með 4 meðdómsmönnum á þá leið, að ákærða skyldi sæta líflæti, og greiða allan kostnað sakarinnar, þar með taldar 20 kr. þóknun til talsmanns hennar Magnúsar Sigurðssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, en ákærði: